

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 15. desember 2003

**um samþykkt áætlana um að ná stöðu viðurkenndra svæða og viðurkenndra eldisstöðva á svæðum sem ekki eru viðurkennd með tilliti til veirublæðingar og iðradreps í fiski og um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2003/634/EB**

(tilkynnt með númeri C(2003) 4727)

(Texti sem varðar EES)

(2003/904/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða<sup>(1)</sup>, einkum 2. og 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Áætlanir hinna ýmsu aðildarríkja voru samþykktar og tilgreindar í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/634/EB<sup>(2)</sup>. Áætlunum er ætlað að gera aðildarríkjum kleift að hefja málsmeðferð síðar meir til þess að svæði eða eldisstöð á svæði, sem ekki er viðurkennt, geti öðlast stöðu viðurkennds svæðis eða viðurkenndrar eldisstöðvar, á svæði sem er ekki viðurkennt, með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðis (v: veirublæðingar) (VHS) og/eða iðradreps (IHN).
- 2) Í bréfi, dagsettu 5. september 2002, sótti Ítalía um viðurkenningu á áætlun fyrir eldisstöðina Incubattoio ittico de valle í héraðinu Piemonte. Á umsóknardegi hafði eldisstöðin verið undir eftirliti frá janúar 2000. Fiskur hafði þó verið fluttur þangað frá eldisstöðvum sem á þeim tíma voru ekki viðurkenndar skv. 5. eða 6. gr. tilskipunar 91/67/EBE.
- 3) Í ljós hefur komið að umsóknin, sem var lögð fram, er í samræmi við 10. gr. tilskipunar 91/67/EBE og skal því samþykkja hana og breyta II. viðauka við ákvörðun 2003/634/EB til samræmis við það. Vegna þess að fiskur var fluttur þangað frá svæðum, sem voru ekki viðurkennd, skal áætlunin ná yfir fjögur ár frá dagsetningu viðurkenningar.
- 4) Í bréfi, dagsettu 20. október 2003, fór Finnland fram á breytingu á áætluninni sem er skráð í lið 6.2 í I. viðauka við ákvörðun 2003/634/EB. Vegna uppkomu veirublæðis í regnbogasilungi á vesturströnd Finnlands hafa yfirvöld ákveðið að grípa til ráðstafana

til útrýmingar á þessu nýja svæði, af sama toga og ráðstafanirnar sem var gripið til á svæðunum sem er lýst í lið 6.2 í I. viðauka við ákvörðun 2003/634/EB. Því ber að samþykkja breytinguna á áætluninni.

- 5) Nokkrum áætlunum, sem voru samþykktar með ákvörðun 2003/634/EB að því er varðar Frakkland og Þýskaland, hefur verið komið í framkvæmd að fullu. Svæðin hafa öðlast stöðu viðurkenndra svæða og eru tekin með í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/308/EB<sup>(3)</sup>. Því er rétt að fella þessi svæði brott úr I. viðauka við ákvörðun 2003/634/EB.
- 6) Breyta ber ákvörðun 2003/634/EB til samræmis við þetta.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

1. Breytingarnar á áætluninni, sem Finnland lagði fram skv. 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 91/67/EBE til að öðlast stöðu viðurkennds svæðis, með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðis og iðradreps, eru hér með samþykktar.

2. Áætlunin, sem Ítalía lagði fram skv. 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 91/67/EBE til að öðlast stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar, á svæði sem er ekki viðurkennt, með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðis og iðradreps, er hér með samþykkt.

*2. gr.*

Ákvörðun 2003/634/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað I. viðauka komi I. viðauki við þessa ákvörðun.
2. Í stað II. viðauka komi II. viðauki við þessa ákvörðun.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003 bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 220, 3.9.2003, bls. 8.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 106, 23.4.2002, bls. 28. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2003/839/EB (Stjtið. ESB L 319, 4.12.2003, bls. 21).

3. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fylgja þessum viðurkenndu áætlunum.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

I. VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

**Áætlanir sem eru lagðar fram til að öðlast stöðu viðurkennds svæðis með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðis og/eða iðradreps**

**1. DANMÖRK**

**Áætlanirnar, sem Danmörk lagði fram 22. maí, ná yfir:**

- vatnasvið FISKEBÆK Å,
- ALLT JÓTLAND sunnan og vestan vatnasviða Storåen, Karup Å, Gudenåen og Grejs Å,
- allar DANSKAR EYJAR.

**2. ÞÝSKALAND**

**Áætlunin, sem Þýskaland lagði fram 25. febrúar 1999, nær yfir:**

- svæði á vatnasviðinu „OBERN NAGOLD“.

**3. SPÁNN**

**Áætlunin, sem Spánn lagði fram 1. ágúst 2002, nær yfir:**

- SJÁLFSTJÓRNARHÉRAÐIÐ LA RIOJA.

**4. FRAKKLAND**

**5. ÍTALÍA**

**5.1. Áætlunin, sem Ítalía lagði fram fyrir sjálfstjórnarsýsluna Bolzano 6. október 2001, eins og henni var breytt í bréfi frá 27. mars 2003, nær yfir:**

ZONA PROVINCIA DI BOLZANO

- Svæðið samanstendur af öllum vatnasviðum í sýslunni Bolzano.

Svæðið tekur til efri hluta svæðisins ZONA VAL DELL'ADIGE, þ.e. vatnasviðs árinna Adige, frá upptökum hennar í sýslunni Bolzano að landamærum sýslunnar Trento.

(Ath.: Neðri hluti svæðisins ZONA VAL DELL'ADIGE fellur undir samþykktu áætlunina um sjálfstjórnarsýsluna Trento. Lítið er svo á að efri og neðri hluti þessa svæðis séu ein heild í faraldsfræðilegu tilliti.)

**5.2. Áætlanirnar, sem Ítalía lagði fram fyrir sjálfstjórnarsýsluna Trento 23. desember 1996 og 14. júlí 1997, ná yfir:**

ZONA VAL DI SOLE E DI NON

- vatnasviðið frá upptökum vatnsfallsins Noce að stíflunni við S. Giustina,

ZONA VAL DELL'ADIGE — neðri hlutann,

- vatnasvið árinna Adige ásamt upptökum hennar á yfirráðasvæði sjálfstjórnarsýslunnar Trento frá landamærum sýslunnar Bolzano að Ala-stíflunni (vatnsorkuverinu).

(Ath.: Efri hluti svæðisins ZONA VAL DELL'ADIGE fellur undir samþykktu áætlunina um sýsluna Bolzano. Lítið er svo á að efri og neðri hluti þessa svæðis séu ein heild í faraldsfræðilegu tilliti.)

ZONA TORRENTE ARNÒ

- vatnasviðið frá upptökum fljótsins Arnò að hindrununum forstreymis áður en Arnò rennur í ána Sarca,

ZONA VAL BANALE

- vatnasvið Ambies-lægðarinnar að stíflunni sem er við vatnsorkuver,

ZONA VARONE

- vatnasviðið frá upptökum fljótsins Magnone að fossinum,

## ZONA ALTO E BASSO CHIESE

- vatnasvið árinna Chiese frá upptökum að Condino-stíflunni, að frátöldum Adanà- og Palvico-lægðunum,

## ZONA TORRENTE PALVICO

- vatnasvið Palvico-lægðarinnar að hindrun úr steinsteypu og grjóti.

5.3. **Áætlunin, sem Ítalía lagði fram fyrir héraðið Veneto 21. febrúar 2001, nær yfir:**

## ZONA TORRENTE ASTICO

- vatnasvið árinna Astico frá upptökum hennar (í sjálfstjórnarsýslunni Trento og í sýslunni Vicenza í héraðinu Veneto) að stíflunni sem er í grennd við Pedescala-brúna í sýslunni Vicenza.

Litið er svo á að áin Astico, forstreymis á milli stíflunnar, sem er í grennd við Pedescala-brúna, og Pria Maglio-stíflunnar, sé sóttvarnabelti.

5.4. **Áætlunin, sem Ítalía lagði fram fyrir héraðið Umbria 20. febrúar 2002, nær yfir:**

## ZONA FOSSO DE MONTERIVOSO

- vatnasvið árinna Monterivoso frá upptökum hennar að ófæru hindrununum við Ferentillo.

5.5. **Áætlunin, sem Ítalía lagði fram fyrir héraðið Lombardia 1. febrúar 2002, nær yfir:**

## ZONA VAL BREMBANA

- vatnasvið árinna Brembo frá upptökum hennar að ófæru hindrununum í bæjarfélaginu de Ponte S. Pietro.

6. **FINNLAND**6.1. **Áætlunin, sem Finnland lagði fram 29. maí 1995, nær yfir:**

- öll meginlands- og strandsvæði í Finnlandi, að undanskildum:

- ÅLANDSÝSLU,

- svæði í PYHTÄÄ sem takmarkanir gilda um,

- svæði sem takmarkanir gilda um og nær yfir sveitarfélögin UUSIKAUPUNKI, PYHÄRANTA og RAUMA.

6.2. **Áætlunin, sem Finnland lagði fram 29. maí 1995 og felur í sér sérstakar ráðstafanir til útrýmingar, eins og henni var breytt í bréfi 27. mars 2002, 4. júní 2002, 12. mars 2003, 12. júní 2003 og 20. október 2003, nær yfir:**

- alla ÅLANDSÝSLU,

- svæði í PYHTÄÄ sem takmarkanir gilda um,

- svæði sem takmarkanir gilda um og nær yfir sveitarfélögin UUSIKAUPUNKI, PYHÄRANTA og RAUMA.“

*II. VIDAUKI*

*„II. VIDAUKI*

**Áætlanir sem eru lagðar fram til að öðlast stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar, á svæði sem er ekki viðurkennt, með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðis og/eða iðradreps**

**1. ÍTALÍA**

**1.1. Áætlunin, sem Ítalía lagði fram fyrir sýsluna Udine í héraðinu Friuli Venezia Giulia 2. maí 2000, nær yfir:**

Eldisstöðvar á vatnasviði árinna Tagliamento:

— Azienda Vidotti Giulio s.n.c., Sutrio

**1.2. Áætlunin, sem Ítalía lagði fram fyrir héraðið Veneto 5. apríl 2002, nær yfir:**

Eldisstöðvar á vatnasviði árinna Sile:

— Azienda Trolicoltura S. Cristina, Via Chiesa Vecchia 14 — Loc. S. Cristina di Quinto

**1.3. Áætlunin, sem Ítalía lagði fram fyrir héraðið Piemonte 5. september 2002, nær yfir:**

Eldisstöðina:

— Incubatoio Ittico di Valle - Loc Cascina Prella — Traversella (TO).“

---